

AUGLÝSING

55

16. apríl

um gildistöku alþjóðasamnings um réttindi Sameinuðu þjóðanna.

Með stoð í lögum nr. 13 frá 1. marz 1948, um heimild til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning um réttindi Sameinuðu þjóðanna, var aðalritara Sameinuðu þjóðanna hinn 10. marz 1948 afhent staðfestingarskjal Íslands varðandi téðan samning. Samningurinn gekk í gildi fyrir Ísland samdægurs.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 16. apríl 1948.

Bjarni Benediktsson.

*Agnar Kl. Jónsson.***AUGLÝSING**

56

20. apríl

um viðskiptasamning milli Íslands og Tékkóslóvakíu.

Hinn 11. marz s. l. var undirritaður í Prag viðskiptasamningur milli Íslands og Tékkóslóvakíu. Samkvæmt samningi þessum lofa ríkisstjórnir beggja landa að veita gagnkvæmt innflutnings- og útflutningsleyfi fyrir þeim vörum, sem sérstaklega eru tilgreindar í vörulistum, sem fylgja samningnum. Þá er ákveðið, að greiðslusamningur milli landanna frá 28. febrúar 1946 skuli gilda áfram með vissum breytingum.

Hvorug ríkisstjórnin er skyld samkvæmt samningnum að veita einstaklingum eða fyrirtækjum innflutnings- eða útflutningsleyfi, ef þessir aðilar eiga ekki rétt á slíkum leyfum samkvæmt gildandi reglum í hvoru landinu fyrir sig.

Þeir kvótar, sem samið var um í bráðabirgðasamkomulaginu 13. nóvember 1947, eru teknir upp í hinn nýja samning og fylgiskjöl hans. Kvótarnir gilda því fyrir tímabilið 1. október 1947 til 31. desember 1948. Samningurinn gengur endanlega í gildi, þegar stjórnir beggja ríkjanna hafa fallið á hann, en kemur þó þegar í stað til framkvæmda.

Af Íslands hálfu er samið um að selja til Tékkóslóvakíu þessar vörur: hraðfrystan fisk, sildar- og fiskimjöl, niðursoðnar fiskafurðir, þorskalýsi og gærur.

Af hálfu Tékkóslóvakíu er samið um að selja til Íslands þessar vörur: sykur, vefnaðarvöru, skófatnað, ýmiss konar byggingavöru, járn og stál, vélar og verkfæri, bílagúmmi, búsáhöld o. fl.

Samningurinn gildir til 31. desember 1948.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 20. apríl 1948.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.